



Sveitarstjórnarfundur 1-2024
Skagabúð 11.janúar 2024 kl 09:00

Mættir voru: Erla Jónsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson, Vignir Sveinsson og Bjarney Jónsdóttir.

Erla setti fundinn og stjórnaði honum og Bjarney ritaði fundargerð.

1. Gjaldskrár 2024

Fyrir fundinum lágu drög að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs. Gjaldskráin er samþykkt

Einnig lágu drög að nýrri gjaldskrá fyrir afgreiðslu leyfisveitinga og þjónustu skipulags og byggingarfulltrúa. Gjaldskráin er samþykkt.

Frístundastyrkur er 15.000 á barn á hverri önn, miðað við vor, sumar og haust önn.

Námsstyrkir ungmenna eru 30.000 á hvora önn vor og haustönn.

Gjaldskrá fyrir refaveiðar, veiðimenn með samning við sveitarfélagið fái: Vetrarveiði 16.000 á dýr, sumarveiði / grenjaveiði 20.000 á dýr, aðrir en ráðnir veiðimenn 3000 á dýr.

2. Sameining Skagabyggðar og Húnabyggðar

Verkefnahópur um mögulega sameiningu Skagabyggðar og Húnabyggðar hefur starfað í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnanna. Unnið er út frá þeim forsendum að sameining geti tekið gildi 1. júní 2024 verði hún samþykkt í íbúakosningum. Í sveitarstjórnarlögum er gert ráð fyrir tiltekinni tímalínu ferils við undirbúning sameiningar sveitarfélaga, m.a. að tvær umræður þurfi að hafa í sveitarstjórn um tillögu um að kjósa samstarfsnefnd vegna sameiningar sveitarfélaga, sbr. 18. gr. laganna. Í því ljósi er nú gerð tillaga um að sveitarstjórn kjósi fulltrúa í samstarfsnefnd vegna sameiningar Skagabyggðar og Húnabyggðar. Fulltrúar verði þeir sömu og eru nú í fyrrgreindum verkefnahóp. Samþykkt er að vísa tillögunni til síðari umræðu í sveitarstjórn.

3. Söguferðapjónusta í Skagabyggð – Styrkur SSNV úr uppbyggingarsjóði

Fyrir fundinum lá erindi frá SSNV um að ganga þyrfti sérstaklega frá samkomulagi vegna úthlutunar á kr. 1.200.000 styrk til verkefnisins Söguferðapjónusta í Skagabyggð. Sótt var um 1.953.700 gegn jafnháu eigin framlagi. Sveitarstjórn samþykkir að halda sinni upphæð gegn því að aðilar lækki kostnað við verkefnið sem því nemur.

4. Samningur um umdæmisráð Landsbyggða

Fyrir fundinum lá uppfærður samningur um rekstur umdæmisráðs Landsbyggða, upphaflega samþykktur frá 1.janúar 2023 til 31. desember 2027. Í uppfærðum samningi eru óverulegar breytingar og hann því samþykktur samhljóða.

5. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

Borist hefur stjórnarsýslukæra þar sem kærð er ákvörðun sveitarstjórnar að synja umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir grjótnámi til sjóvarna úr námunni Kurfur ES-10. Oddvita er falið að senda svarbréf til nefndarinnar.



6. Varmadælur í dreifbýli

Fyrir fundinum lá kynning og drög að ráðgjafasamningi frá ráðgjafafyrirtækinu Hagvarma varðandi undirbúning og framkvæmd við uppsetningu á varmadælum í sveitarfélaginu þar sem þeir myndu fara á bæi, mynda hitatap á hverjum stað fyrir sig og veita ráðgjöf um hvert yrði hagkvæmasta varmadælukerfi á hverjum stað og veita ráðgjöf varðandi mögulegar endurbætur á hitakerfi húsnæðis til að hámarka orkunýtingu. Ákveðið að oddviti setji kynningarbréf á vef Skagabyggðar til að kanna áhuga á þátttöku í verkefninu.

7. Bréf

a) Umsókn um grunnskóladvöl utan lögheimilis

Fyrir fundinum lá umsókn frá foreldrum um námsvist utan lögheimilissveitarfélags: Afgreiðsla er færð í trúnaðarbók.

b) Þórdís Hauksdóttir- Staða dreifnáms

Í bréfinu kemur fram að staða dreifnáms á Hvammstanga og Blönduósi virðist standa höllum fæti þegar komi að aðsókn. Kallað er eftir að sveitarfélög velji milli 3ja leiða sem lagðar eru til, til þess að fara yfir stöðu og framtíðarhorfur með FNV og öðrum fagaðilum.

Sveitarstjórn Skagabyggðar leggur til að fræðslustjóri fari yfir stöðu og framtíðarhorfur með FNV og öðrum fagaðilum og skili niðurstöðum og / eða tillögum til sveitarstjórna.

8. Fundargerðir

a) Fundargerðir 939-940. funda Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerðirnar voru til kynningar

b) Fundargerðir Félags- og skólaþjónustu 22/12 og 29/12 2024

Fundargerðirnar voru til kynningar.

Þörf er á að skoða hallarekstur Félags og skólaþjónustunnar. Sveitarstjórn vill leggja áherslu á að forsvarsmenn Sæborgar krefjist aukins fjármagns frá ríkinu í samræmi við rekstrarkostnað ella að skila verkefninu til ríkisins.

c) Fundargerð SSNV nr 101 frá 5. des 2024

Fundargerðin var til kynningar

9. Önnur mál

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt, og fundi slitið kl. 14:04

Vignir Sveinsson

Magnús Björnsson

Bjarney R Jónsdóttir

Erla Jónsdóttir

Kristján Steinar Kristjánsson